

## Landspítali háskólasjúkrahús – Barnaspítali Hringins



### VERKSVIÐ VERKÍS

- › Undirbúningur verkefnis, þarfagreining og forsögn
- › Verkefnisstjórnun
- › Hönnunarrýni

### LÝSING

Um er að ræða 6.800 m<sup>2</sup> byggingu, 4 aðalhæðir og kjallara, sem byggð var við kvennadeild Landspítalans. Barnaspítalinn er hefðbundin bygging, steinsteypt, einangruð að utan og klædd með granítflísum og múrklæðningu með steinsalla.

Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf. sem núna er hluti af VERKÍS hf kom að frumundirbúningi verksins, vann forsögn í náinni samvinnu við notendur, rekstraraðila og byggingarnefnd og sá um gerð alútbodsgagna. Síðan var veitt aðstoð við arkitektasamkeppni og útboð á verkfræðivinnu. Frá miðju ári 1998 annaðist VERKÍS verkefnisstjórn og hönnunarrýni fyrir umsjónaraðila verksins.

### ALMENNT UM VERKIÐ

Barnaspítalinn er vestast á Landspítalalóðinni og tengist kvennadeild spítalans. Byggingin er 4 hæðir og kjallari. Hún skiptist í tvær álmur sem tengjast með tengiálmu. Eigandi er Ríkissjóður Íslands

### LYKILUPPLÝSINGAR

**Stærð gólfplatar:**  
6.800 m<sup>2</sup>

**Fjöldi sjúkrarúma:**  
80

**Byggingartími:**  
1998 – 2003

#### Starfsemi:

- › Legudeildir
- › Bráðamóttaka barna
- › Barnaskurðeild
- › Göngudeildir
- › Vökudeild
- › Röntgenstofa
- › Kapella

#### Helstu hönnuðir:

- › Teiknistofan Tröð
- › Landark
- › Almenna  
Verkfræðistofan
- › Rafhönnun

#### Helstu verktakar:

- › Ólafur og Gunnar ehf.
- › Suðurverk ehf

